



Garðabær
v.t. Gunnar Einarsson bæjarstjóri
Garðatorgi 7
210 Garðabær

FJÁRMÁLA- OG EFNAHAGSRÁÐUNEYTIÐ

Arnarhvoli 101 Reykjavík
sími: 545 9200 postur@fjr.is
fjr.is

Reykjavík 24. september 2020
Tilv.: FJR20090050/

Efni: Framtíð fasteigna ríkisins á Vífilstöðum

Fjármála- og efnahagsráðuneytið óskar eftir samstarfi við Garðabæ um skipulag á Vífilstöðum og nýtingu á fasteignum ríkisins.

Í apríl 2017 var gengið frá kaupsamningi um sölu á jörðinni Vífilstöðum til sveitarfélagsins. Í samræmi við ákvæði kaupsamningsins kemur fram að húseignir á hinu selda landi hafi undanskildar sem flestar verða því áfram í eigu ríkisins. Þá kemur fram í samningnum að sveitarfélagið skuldbindi sig til að gera lóðarleigusamninga við eigendur húseigna á landi jarðarinnar á grundvelli almennra skilmála fyrir lóðarleigusamninga í Garðabæ.

Ekki liggur fyrir deiliskipulag á því svæði sem fasteignir ríkisins eru. Samkvæmt núverandi aðalskipulagi kemur hins vegar fram að svæðið sé nýtt undir samfélagsþjónustu. Að mati ríkisins er ekki hægt að taka ákvarðanir um framtíðarnýtingu eða eftir atvikum ráðstöfun einstakra eigna á grundvelli þess skipulags sem nú er til staðar og af þeim sökum er óskað eftir samstarfi við sveitarfélagið.

Á svæðinu er fjöldi bygginga sem ekki eru nýttar og eru flestar í mjög lélegu ástandi. Brýnt er að tekin sé heildstæð afstaða til skipulagslegra forsendna og framtíð þessara bygginga.

Landspítalinn hefur óskað eftir því við ráðuneytið að eignir sem ekki eru nýttar undir starfsemi spítalans verði færðar til almennrar umsýslu Ríkiseigna. Ráðuneytið og sveitarfélagið hafa verið í samskiptum á fyrri stigum um stofnun lóða undir fasteignir ríkisins á landi Vífilstaða en enn á eftir að ganga frá gerð formlegra lóðarleigusamninga.

Ráðuneytið óskar einnig eftir því að sveitarfélagið setji það í forgang að ganga frá stofnun lóða vegna fasteignanna sem er ein forsenda þess að ríkið geti gengið frá formlegri yfirfærslu á umræddum eignum til Ríkiseigna.

Þá má þess geta að ráðuneytinu hefur borist beiðni frá Hjallastefnunni um að hefja viðræður um kaup þeirra á húseigninni Vífilstaðavegi 123 þar sem rekinn hefur verið grunnskóli frá árinu 2003. Komið er að töluverðu viðhaldi á eigninni ef hún á áfram að nýtast undir skólastarfsemi. Samkvæmt ákvæðum áður nefnds kaupsamnings vegna Vífilstaða hefur sveitarfélagið áskilið sér forkaupsrétt á einstökum fasteignum á landinu. Í fjárlögum liggur fyrir heimild til að selja fasteignir í eigu ríkisins á Vífilstöðum og til skoðunar er að ganga til samningsviðræðna um sölu á eigninni til Hjallastefnunnar. Samkvæmt núverandi fyrirkomulagi hefur Garðabær leigt eignina af ríkinu og

framleigt hana til Hjallastefnunnar.

Ráðuneytið óskar eftir fundi með sveitarfélaginu vegna framtíðar þeirra eigna sem eru í eigu ríkisins á Vífilstöðum.

Fyrir hönd ráðherra

Sigurður H. Helgason

Hrafn Hlynsson